

ÖLDRUNARFRÆÐA FÉLAG ÍSLANDS



Aðalfundur Öldrunarfræðafélagsins var haldinn miðvikudaginn 13. mars 2019
kl. 16.30 – 18.00 á Hrafnistu í Reykjavík, sal Sjómannadagsráðs

Fundarstjóri: Ásta Kristín Guðmundsdóttir
Fundarritari: Laufey Jónsdóttir

DAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar og vísindasjóðs.
2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Kosning stjórnar, sbr. 6.gr.
4. Kosning stjórnar Vísindasjóðs félagsins, sbr. 8.gr.
5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga til eins árs.
6. Árgjald ákveðið.
7. Lagabreytingar.
8. Önnur mál.

Að loknum aðalfundi fór fram úthlutun styrkja úr vísindasjóði félagsins.

1. Skýrsla stjórnar og vísindasjóðs

Sigurbjörg Hannesdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar.

Í stjórn á starfsárinu 2018-2019 sátu Sigurbjörg Hannesdóttir formaður, Ingibjörg Hjaltadóttir varaformaður, Ragnheiður Kristjánsdóttir gjaldkeri, Laufey Jónsdóttir ritari og Sírý Sif Sigurlaugardóttir meðstjórnandi. Varamenn voru Steinunn Þórðardóttir og Ásta Kristín Gunnarsdóttir.

Stjórnarfundir voru að jafnaði haldnir á 2. mánaðarfresti, með hléi yfir sumarmánuðina. Varamenn sátu ekki fundina.

Starfsáætlun stjórnar var:

- ✓ Reikningar félagsins skoðaðir og yfirferð yfir fjármál félagsins
- ✓ Ráðstefna – námsdagur í samstarfi við önnur félög?
- ✓ Heimasíða
- ✓ Afmælisviðburðir
- ✓ Nýtt merki félagsins
- ✓ Undirbúningur fyrir NGF 2020

Í fyrra voru 45 ár liðin frá stofnun félagsins. Félagið er stofnaðili að Nordisk Gerontologisk Forum og miðar félagið afmælisdaga sína við fæðingu NGF sem var árið

ÖLDRUNARFRÆÐA FÉLAG ÍSLANDS

1973. Hins vegar var hinn eiginlegi stofnfundur haldinn síðar eða nánar tiltekið fimmtudaginn 21. mars 1974 og fór hann fram á Hótel Sögu. Fyrsti formaður félagsins var Gísli Sigurbjörnsson.

Markmið félagsins er:

- ✓ Að starfa að því að auka þekkingu í málefnum er varðar aldraðra
- ✓ að efla rannsóknir á sviði öldrunarfræða
- ✓ að vera opinberum aðilum til ráðuneytis í málefnum aldraðra
- ✓ Félagið tekur þátt í því að auka fræðilega umræðu meðal fagfólks.
- ✓ Að kynna hið nýjasta sem er að gerast í öldrunarfræðum hverju sinni. Tekur þátt í innlendu og erlendu samstarfi stofnana og samtaka er láta sig varða málefni aldraðra.
- ✓ Félagið heldur námsstefnur og starfrækir Vísindasjóð. Vísindasjóður félagsins var stofnaður 1984 til styrktar vísinda- og rannsóknarstarfsemi í öldrunarfræðum.
- ✓ Félagið er aðili að Öldrunarráði Íslands, formaður félagsins á sæti í samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Félagið á fulltrúa í stjórn Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúss í öldrunarfræðum (RHLÖ).

Félagsmenn eru um 300, og endurspeglar þeir þverfaglega starfsemi félagsins. Má þar nefna félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, iðjupjálfa, þroskaþjálfara, lækna, presta, sálfræðinga, sjúkraliða, sjúkrapjálfa, ófaglært starfsfólk og svo forstöðumenn og deildarstjóra ýmissa félaga og stofnana er starfa í þágu aldraðra og svo fjölmargir aðrir sem láta sig málefni aldraðra varða.

Aðalfundur var haldinn 22.mars 2018 og eftir hann voru veittir styrkir úr vísindasjóði félagsins. Vísindanefnd fer nánar í styrkveitingar í sinni skýrslu.

Öldrunarfræðafélagið er eins og áður hefur komið fram aðili að Nordisk Gerontologisk Forum, ásamt Félagi íslenskra öldrunarlækna. NGF eru norræn samtök og heldur meðal annars ráðstefnu á tveggja ára fresti í samvinnu við móðurfélögin á Norðurlöndum sem eru Finnland, Svíþjóð, Danmörk, Noregur og Ísland.

Næsta ráðstefna NGF verður haldin á Íslandi 2020 og er það í 25 skipti sem sú ráðstefna er haldin. Ég hvet ykkur öll til að taka strax frá dagana 3.-6.júní 2020.

Þema ráðstefnunnar er : The age of ageing. Hægt er að fá nánari upplýsingar um ráðstefnuna á heimasíðunni www.25nkg.is og facebook síðunni : 25th Nordic Congress of Gerontology.

Undirbúningur er á fullu fyrir ráðstefnuna og í skipulagsnefnd frá ÖFFÍ sitja úr stjórn Sigurbjörg, Ragnheiður og Sírý Sif. Búið er að velja formann vísindanefndar ráðstefnunnar og verður það Ingibjörg Hjaltadóttir formaður vísindanefndar ÖFFÍ og varaformaður í stjórn.

Við tókum þátt í ýmsum viðburðum á árinu:

ÖLDRUNARFRÆÐA FÉLAG ÍSLANDS

Ragnheiður gjaldkeri félagsins fór fyrir hönd félagsins á LÝSA – rokkhátíð samtalsins fer fram 7. og 8. september 2018 í Hofi Akureyri. Yfirskrift LÝSA var: Farsæl öldrun þrátt fyrir heilsubrest-er hún möguleg? Markmið hátíðarinnar er að hvetja til uppbyggjandi skoðanaskipta milli almennings, félagasamtaka og stjórnmalafólks. Á LÝSU gefst tækifæri til að varpa ljósi á málefni, eiga í samtali við almenning og ráðamenn og leita eftir stuðningi við hagsmunamál.

Einnig vorum við með Málstofu á degi Öldrunarþjónustu með yfirskriftinni Hrumleiki – Frumleiki 26.október 2018. Á málstofunni fluttu nokkrir styrkþegar fyrri ára úr Vísindasjóði Öldrunarfræðafélags Íslands kynningu í tilefni 45 ára afmælis félagsins.

Eftirfarandi atriði komu frá ÖFFÍ:

- ✓ Kynning á ÖFFÍ Sigurbjörg Hannesdóttir, iðjuþjálfari og formaður ÖLD
- ✓ Leiðir til að seinka flutningi á stofnun og auka stuðning við fjölskyldur: Samanburðarrannsókn á heimaumönnun aldraðra með heilabilun. Margrét Guðnadóttir, doktorsnemi í hjúkrun.
- ✓ Árangur endurhæfingar á hjúkrunarheimili. Nanna Guðný Sigurðardóttir, sjúkráþjálfari.
- ✓ Listir og menning sem meðferð: Íslensk söfn og Alzheimer. Halldóra Arnardóttir, listfræðingur.
- ✓ Hugræn öldrun meðal aldraða á Íslandi: Hugrænn forði, heilaforði og farsæl öldrun. Vaka Valsdóttir, doktorsnemi í sálfræði.

Stjórn er með í vinnslu yfirverð á félagatali og uppfærslu á netfangalista félagsmanna. Reiknum með að sú vinna ljúkist fljótlega.

Einnig útbjuggum við fléttu með stjórnarsætum og varamönnum. Einnig fyrir vísindanefnd. Nýtt merki félagsins er komið og Sirrý Sif kynnti það á fundinum.

Ingibjörg Hjaltadóttir flutti skýrslu Vísindasjóðs

Í stjórn Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands eru:

Ólöf Guðný Geirsdóttir, PhD, næringarfræðingur og dósent hjá Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

Guðrún Björk Reykdal, MA, félagsráðgjafi og staðgengill framkvæmdastjóra gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar í Félagsmálaráðuneyti

Ingibjörg Hjaltadóttir formaður Vísindasjóðs, PhD, Sérfræðingur í öldrunarhjúkrun á Flæðissviði Landspítala og dósent við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

Árið 2018 var haldið uppá 45 ára afmæli Öldrunarfræðafélags Íslands og í tilefni af því voru veittar 400.000 kr. úr vísindasjóði til vísindarannsókna. Alls bárust 5 umsóknir allar mjög áhugaverðar og vandaðar.

Ákveðið var að veita 2 styrki og voru styrkþegar þessir:

- ✓ Berglind Soffía Blöndal fyrir rannsóknina „Næringarmeðferð aldraðra einstaklinga eftir útskrift af Landspítala Háskóla Sjúkrahús“ á fræðasviði Næringarfræði

ÖLDRUNARFRÆÐA FÉLAG ÍSLANDS

- ✓ Vaka Valsdóttir fyrir rannsóknina „Hugræn öldrun meðal aldraða á Íslandi: Hugrænn forði, heilaforði og farsæl öldrun“ á fræðasviði Sálfræði

Skýrsla stjórnar og vísindasjóðs borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

2. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Ragnheiður gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Allir reikningar eru nú hjá Íslandsbanka og reikningar einfaldaðir. Reikningar félagsins voru bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

3. Kosning stjórnar félagsins, sbr. 6.gr.

Ingibjörg Hjaltadóttir óskar eftir að hætta í stjórn. Sigrún Huld Þorgrímsdóttir gefur kost á sér í stað Ingibjargar.

Samþykkt var samhljóða eftirfarandi stjórnarskipan.

Sigurbjörg Hannesdóttir iðjupjálfi formaður,

Ragnheiður Kristjánsdóttir sjúkráþjálfari

Laufey Jónsdóttir þroskaþjálfari

Sirry Sif Sigurlaugardóttir félagsráðgjafi

Sigrún Huld Þorgrímsdóttir hjúkrunarfræðingur

Varamenn eru Steinunn Þórðardóttir og Ásta Kristín Gunnarsdóttir.

Samþykkt samhljóða

4. Kosning stjórnar Vísindasjóðs, sbr 8.gr.

Stjórn vísindasjóðs verður óbreytt. Í stjórn sitja; Ingibjörg Hjaltadóttir, Ólöf Guðný Geirsdóttir og Guðrún Reykdal. Samþykkt samhljóða.

5. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs

Líney Úlfarsdóttir og Pétur Þorsteinsson gefa áfram kost á sér. Samþykkt samhljóða.

6. Ákveðið árgjald

Sigurbjörg Hannesdóttir formaður lagði til að árgjald yrði óbreytt kr. 2.000. Var það samþykkt samhljóða.

7. Lagabreytingar

Lagt er til að gerð verði breyting á 6 gr.

6.gr. Nefndir

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi til tveggja ára í senn. Stjórn skipa formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi auk tveggja varamanna. Kosið er sérstaklega í embætti stjórnarmanna. Enginn má sitja í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil í senn, nema sem varamaður.

Lagt til að eftirfarandi breyting verði gerð:

6. gr. Nefndir

Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi til tveggja ára í senn. Stjórn skipa formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi auk tveggja varamanna. Kosið er

ÖLDRUNARFRÆÐA FÉLAG ÍSLANDS

sérstaklega í embætti stjórnarmanna. Enginn má sitja í stjórn lengur en fjögur kjörtímabil í senn, nema sem varamaður.

Samþykkt samhljóða

8. Önnur mál

Umræða var um starfsemi félagsins og um félagið sjálft. Félagið hefur verið virkt í þátttöku atburða með öðrum og meira sýnilegra en áður.

Undirbúningur fyrir norrænu ráðstefnuna gengur vel og allt vel tímasett.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.10 og að honum loknum fór fram úthlutun styrkja úr Vísindasjóði félagsins.

Fundargerð ritaði: Laufey Jónsdóttir